



Lunga-Skólinn ses
Austurvegi 4
710 Seyðisfjörður

Efni: Viðurkenning lýðskóla til fimm ára

Vísað er til umsóknar Lunga-skólans ses. kt. 660213-1200, frá dags. 29. desember 2022 og uppfærðar umsóknar dags. 1. júlí 2025 þar sem sótt er um viðurkenningu sem lýðskóli.

Samkvæmt 3. gr. laga um lýðskóla nr. 65/2019 getur Miðstöð menntunar og skólaþjónustu veitt skólum eða stofnunum viðurkenningu til að starfa undir heitinu lýðskóli. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi viðkomandi skóla uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenning er veitt, almenn skilyrði laganna og reglna sem settar eru með stoð í þeim.

Viðurkenning felur hvorki í sér vilyrði um framlög né fjárskuldbindingu af hálfu ríkissjóðs. Hún veitir nemendum skólans ekki sjálfkrafa rétt til fyrirgreiðslu úr Menntasjóði námsmanna. Skólinn ber sjálfur alla ábyrgð á eigin skuldbindingum og starfsemi.

Skólanum ber, skv. 3. gr. reglugerðar um viðurkenningu lýðskóla nr. 430/2020, að senda Miðstöð menntunar og skólaþjónustu árlega skýrslu um starfsemina og veita henni allar umbeðnar upplýsingar um rekstur og starfsemi þegar þess er óskað. Skólinn skal hafa frumkvæði að því að upplýsa Miðstöð menntunar og skólaþjónustu án tafar um breytingar sem kunna að verða á starfsemi eða aðstöðu hans sem viðurkenning þessi byggir á. Miðstöð menntunar og skólaþjónustu getur afturkallað viðurkenningu skóla til að starfa undir heitinu lýðskóli ef hann uppfyllir ekki skilyrði laga nr. 65/2019 eða reglna sem settar eru á grundvelli þeirra. Ósk um endurnýjun viðurkenningar þessarar þarf að berast ásamt fullnægjandi gögnum a.m.k. þremur mánuðum áður en hún rennur út.

Metin hefur verið skólanámskrá og önnur framlögð gögn um starfsemi Lunga-skólans ses. Gögnin voru borin saman við lög um lýðskóla nr. 65/2019 og reglugerð um viðurkenningu lýðskóla nr. 430/2020. Meðal atriða sem metin eru sérstaklega eru rekstrarform, skólanámskrá, skipulag náms, markhópur nemenda, staðfesting á fjárhagslegri ábyrgð og rekstraröryggi, skipulag innra matskerfis og starfsaðstaða.

Á grundvelli þess sem að framan greinir veitir Miðstöð menntunar og skólaþjónustu hér með Lunga- skólanum ses, kt. 660213-1200 viðurkenningu til að starfa undir heitinu lýðskóli til fimm ára frá dagsetningu þessa bréfs. Viðurkenningin grundvallast á skólanámskrá Lunga-skólans ses. og byggir á að starfsemin fari fram í húsnæðum skólans að Austurvegi 4 og á heimavist að Suðurgötu 8, 710 Múlapingi eins og lýst er í umsókn, sem hefur verið tekið út og samþykkt af heilbrigðiseftirliti og yfirvöldum brunamála. Jafnframt byggir hún á því að starfsemi skólans fari fram samkvæmt þeim forsendum og skilyrðum sem rakin eru í umsókn.

Skólinn skal birta viðurkenningarbréf þetta ásamt skólanámskrá, verðskrá og gjaldtökureglum á vef sínum. Miðstöð menntunar og skólaþjónustu áskilur sér rétt til að birta viðurkenningarbréf þetta á vef sínum ásamt skólanámskrá.

Þórdís Jóna Sigurðardóttir, forstjóri
(Undirritað rafrænt)